

VINAGARÐUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Apríl 2018

Inngangur	4
Leikskólinn Vinagarður	4
Greining	5
Stjórnun - samantekt	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	7
Uppeldis og menntastarf	8
Styrkleikar	8
Tækifæri til umbóta	9
Mannauður	9
Styrkleikar	9
Tækifæri til umbóta	10
Leikskólabragur	10
Styrkleikar	10
Tækifæri til umbóta	11
Innra mat	12
Engir sérstakir styrkleikar komu fram	12
Tækifæri til umbóta	12
Viðmiðaraminn	13

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Ásdís Olga Sigurðardóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Vinagarði sem fram fór í apríl 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í apríl 2018 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 22. apríl-7. maí. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN VINAGARÐUR

Leikskólinn Vinagarður er sjálfstætt starfandi leikskóli rekinn af KFUM og KFUK á Íslandi. Leikskólinn tók til starfa árið 1975 og er staðsettur við Holtaveg 28, 104 Reykjavík. Í leikskólanum eru 5 deildir og 80 börn voru á leikskólanum í apríl 2018. Í leikskólanum eru 5 deildir, yngstu börnin eru á Lambagarði og Ungagarði en Kópagarður og Grísagarður eru fyrir 3-4 ára börnin og Uglugarður er fyrir 5-6 ára börnin. Starfsemin er í tveim húsum.

Leikskólastjóri er María Sighvatsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er María Jónsdóttir. Við leikskólann starfa 23 starfsmenn í 22,15 stöðugildum, þar með talin leikskólastjóri, starfsmenn í eldhúsi og afleysingum. Aðstoðarleikskólastjóri er jafnframt deildarstjóri. Sérkennslustjóri er kennari í 100% starfi, auk þess er einn leiðbeinandi í 50% starfi með stuðning. Stjórnunarhlutfall í Vinagarði er 140%. Fimm starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, þar af eru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri og þrír deildarstjórar. Einn deildarstjóri er kennari, einn er með uppeldismenntun á háskólastigi. Einn starfsmaður er með menntun í félagsráðgjöf og 10 starfsmenn eru leiðbeinendur. Einn matráður ásamt aðstoð í eldhúsi. Engin karlmaður er starfandi við leikskólann og hefur verið ágætur stöðugleiki í starfsmannahópnum síðast liðin ár.

Styrkleikar:

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu. Stefna leikskólans birtist á heimasíðu hans og er skýrt fram sett. Stefna leikskólans og markmið endurspegla að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, vellíðan og velferð allra barna. Foreldrar þekkja áherslur í stefnu leikskólans. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu og aðila í grenndarsamfélaginu. Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans. Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila.

Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar. Í dagskipulagi er jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna. Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum. Samskipti starfsfólks við börn einkennast af umhyggju og virkri hlustun. Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna.

Í samvinnu við börn er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfssemi. Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni. Sjálfssprottum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm. Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.

Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega. Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis. Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra.

Leikskólakennarar/deildarstjórar skipuleggja og leiða starf á deildum, veita faglega forystu og leiðsögn og eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Stefna leikskólans birtist í starfi á deildum og faglegur metnaður einkennir starfið.

Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglast í verkum og viðhorfum starfsfólks. Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm. Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel. Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti.

Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalagd og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar. Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum hans. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

Að leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra. Að stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni. Unnið verði eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna. Að formlegir fundir séu boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar. Umbótaáætlun byggir á stefnu leikskólans og innra/eða ytra mati á starfinu.

Áætlun verði gerð á námi og velferð barna. Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra. Að börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið. Að börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi. Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Að leiðbeinendur fái reglulega endurgjöf og leiðsögn. Að deildarfundir verði haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra séu börnin, nám þeirra og staða ásamt því að vera vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Að börn séu þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við. Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans.

Að í skólanámskrá verði umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf og áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann. Mat á starfsháttum fari fram reglulega og í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin. Að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar við gagnaöflun. Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati verði þær nýttar í innra matið. Við öflun gagna verði leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Í greinargerð um innra mat sé greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Umbótaáætlanir séu birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti. Umbótaáætlun sé í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu
- Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans
- Stefna leikskólans er skýrt fram sett
- Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, vellíðan og velferð allra barna
- Foreldrar þekkja áherslur í stefnu leikskólans
- Starfsfólk þekkir stefnu leikskólans og getur nefnt dæmi um hvernig það vinnur að henni
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi
- Starfsfólk finnur að framlag þeirra til leikskólans er metið
- Stjórnendateymi samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðiþjónustu
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningaferli
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim
- Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu
- Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu
- Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans
- Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila
- Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarfi í leikskólanum
- Leikskólastjóri hefur forgöngu um endurskoðun skólanámskrár
- Skólanámskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans
- Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans
- Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja fyrir og eru aðgengilegar öllum
- Unnið er eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum
- Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til
- Starfsfólk þekkir til verklagsreglna um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni
- Áætlun um jafnrétti, byggð á 23. grein jafnréttislaga nr. 10/2008

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra

- Að stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni
- Að stjórnendateymi skipti með sér verkum við stjórnun og miðli upplýsingum sín á milli
- Við ráðningu nýrra starfsmanna verði gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Unnið verði eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna
- Starfsþróunarsamtöl verði tekin a.m.k. árlega
- Að niðurstöður starfsþróunarsamtala séu skráðar og þeim sé fylgt eftir
- Starfsfólk fái samningsbundinn undirbúningstíma
- Að formlegir fundir séu boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar
- Að umbótaáætlun byggji á stefnu leikskólans og innra/eða ytra mati á starfinu
- Að símenntunaráætlun endurspegli áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá
- Samræmi sé á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans
- Starfsfólk sé hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi
- Að starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð sé haft við foreldra og börn
- Starfsmannahandbók verði til á deildum og sé uppfærð reglulega
- Öryggis- og rýmingaráætlun liggja fyrir á deildum

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þáttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð barna.

STYRKLEIKAR

- Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist
- Rými er til að veita sérfræðiþjónustu
- Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar (útinám, gönguferðir o. s.frv.)
- Í dagskipulagi er jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna
- Dagskipulag veitir svigrúm til að mæta þörfum allra barna (s.s. með stuðning og sérfræðiþjónustu)
- Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum
- Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn
- Starfsfólk notar virka hlustun í samskiptum við börn
- Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna
- Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum
- Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín
- Í samvinnu við börn er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfssemi
- Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og í frjálsum leik
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni
- Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni
- Sjálfssprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm
- Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri

- Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Umhverfið er aðlagað til að mæta þörfum allra barna
- Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega
- Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni
- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik
- Stöðufundur sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis
- Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi
- Að verkerlar vegna sérfræðipjónustu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Áætlun verði gerð á námi og velferð barna
- Reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna
- Fjölbreytt gögn verði lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna
- Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna verði endurmetnar reglulega
- Að börn taki þátt í að meta nám sitt
- Börn fái tækifæri til að setja sér markmið
- Skráningar barna verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim
- Að starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu

MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

STYRKLEIKAR

- Leikskólakennarar/deildarstjórar skipuleggja og leiða starf á deildum
- Leikskólakennarar/deildarstjórar veita faglega forystu og leiðsögn
- Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn
- Leikskólakennarar veita foreldrum fræðslu þegar við á
- Stefna leikskólans birtist í starfi á deildum
- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans
- Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum
- Faglegur metnaður einkennir starf á deildum

- Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt
- Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda
- Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu
- Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt í starfi
- Starfsfólki líður vel í vinnunni
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að leiðbeinendur fái reglulega endurgjöf og leiðsögn
- Að deildarfundir verði haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra séu börnin, nám þeirra og staða
- Að deildarfundir séu vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar

LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

STYRKLEIKAR

- Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt
- Jákvæður andi og gleði ríkir
- Starfsfólk er samhent í starfi
- Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglast í verkum og við horfum starfsfólks
- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Börnin eru glöð og áhugasöm
- Milli barnanna ríkir virðing og samkennd
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær
- Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnunum í samskiptum
- Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel
- Börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni
- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar
- Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalæsi og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar

- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans
- Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum
- Aðbúnaður barna er góður að mati foreldra
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann
- Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra
- Ábendingu frá foreldrum er vel tekið
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að börn séu þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Að hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans

INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð, opinbera birtingu og umbætur.

ENGIR SÉRSTAKIR STYRKLEIKAR KOMU FRAM

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að í skólanámskrá verði umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf
- Að áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggja fyrir
- Mat á starfsháttum fari fram reglulega
- Mat og ígrundun leikskólakennara og annara starfsmanna á eigin starfsháttum sé liður í daglegu starfi þeirra
- Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin
- Að öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðferðir, áætlanir og verkferlar, séu hluti af innra mati
- Að fyrir hvert markmið verði skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að
- Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst
- Að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar við gagnaöflun
- Gætt sé að því að innra mat byggi á margvíslegum gögnum
- Að gagna sé aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu
- Gagna sé aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá
- Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati verði þær nýttar í innra matið
- Að starfsfólk taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Við öflun gagna verði leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eigi sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur
- Í greinargerð um innra mat sé greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Að niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum
- Umbótaáætlanir séu birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Umbótaáætlun sé í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Í umbótaáætlun séu tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru
- Umbótaáætlun sé tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum
- Tilgreint verði í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða
- Umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir

VIÐMIÐARAMMINN

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.